

## AUGLÝSING

### um umferð á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Seltjarnarness hefur verið ákveðið að leyfilegur hámarkshraði á Seltjarnarnesi verði sem hér segir:

1. Á Norðurströnd og Suðurströnd, að Nesbala, verði hámarkshraði 60 km/klst.
2. Á Lindarbraut, Nesvegi og vegi í Suðurnes, frá Nesbala, verði hámarkshraði 50 km/klst.
3. Á öðrum götum bæjarins verði hámarkshraði 30 km/klst.

Ofangreind ákvörðun tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. mars 2002.*

**Böðvar Bragason.**